

# Birgðakerfi

Síðast uppfært 25/06/2026 9:45 am BST


Með birgðakerfinu færð þú aukna yfirsýn yfir vörusöluna hjá þér. Þar af leiðandi getur þú verið viss um að vinsælustu vörurnar séu til á lager sem og þú eigir ekki fulla hillu af vörum sem seljast hægar.

## Setja upp birgðastöðu

Þú byrjar á því að fara í **Valmyndina -> Sala -> Vörulisti**.

Í vörulistanum getur þú sett inn og uppfært birgðastöðu fyrir hverja vöru fyrir sig. Smellt er á viðkomandi vöru og fjöldinn er tilgreindur inn í reitinn fyrir neðan þar sem stendur **birgðastaða**.

**Breyta vöru** ×

 **Mynd**  
1:1 hlutföll koma best út

**Heiti vöru**

**Lýsing (valkvæmt)**

**Yfirflokkar**

**Stykkjaverð (með VSK)**  **VSK %**

**Birgðastaða**  – +

**Strikamerki**

**Bókhaldsnúmer**

## Breyta birgðastöðu

Þegar þú þarft að uppfæra birgðastöðuna, eins og t.d. þegar ný sending af vörum kemur í hús, þá er það gert alveg eins og þegar þú setur upp birgðastöðuna í fyrsta skipti.

## Yfirsýn

Birgðastaðan er einnig sýnd á vörulistanum svo þú fáir fljótlegt yfirlit yfir það sem til er á lager.

The screenshot shows a web interface for a product list. On the left is a sidebar with navigation options: Sala, Yfirlit, Reikningar, Vörulisti (selected), Skýrslur, Gjöfabréf, Netgreiðslur, and Uppgjör. The main area is titled 'Vörulisti' and contains a search bar with the text 'Leitaðu eftir vöruheiti'. Below the search bar are two buttons: 'Sækja .csv skrá' and '+ Bæta við'. The product list is organized into three categories: 'Kérastase +', 'Davines +', and 'Óflokkað +'. Each category contains a table of products with columns for product name, price, and stock status. A blue arrow points to the 'Óflokkað +' category. At the bottom right, there is a 'Ný sala' button.

Category	Product Name	Price (ISK)	Stock
Kérastase +	Kérastase – Curl Manifesto Refresh Absolu (170ml)	9.600 ISK	8
	Kérastase – Blond Absolu – Serum Cicanuit (90ml)	10.700 ISK	1
Davines +	Davines – Heart of Glass – Rich Conditioner (90ml)	2.300 ISK	3
	Davines – Alchemic Shampoo – Copper (280ml)	4.500 ISK	10
	Davines – Alchemic Shampoo – Chocolate (280ml)	4.500 ISK	5
Óflokkað +			

## Hvernig uppfærist birgðastaðan?

Birgðastaðan er beintengd sölukerfi Noona. Það þýðir að þegar vara er seld í gegnum sölukerfið þá uppfærist birgðastaðan sjálfkrafa og magnið lækkar. Það sama gerist þegar vörur eru endurgreiddar eða skilað, þá hækkar birgðastaðan sjálfkrafa.

## Vara ekki til á lager

Ef það eru fleiri stykki en birgðastaðan segir til um valin í söluferlinu þá birtist appelsínugulur reitur fyrir neðan magnið sem hefur verið valið í sölnunni (sjá á mynd).

Þar með passar birgðakerfið upp á að vörur sem eru ekki til séu seldar.

The screenshot shows a shopping cart item for 'Kérastase – Blond Absolu – Serum Cicanuit (90ml)' with a total price of 21.400 ISK. The item details include: MAGN: 2, STYKKJAVEÐ (MED VSK): ISK 10.700, AFSLÁTTUR: %, STARFSMAÐUR: Arna Dís. A blue arrow points to a warning message 'Aðeins 1 eftir' (Only 1 left) next to the quantity field. Below the item details, there is a summary table:

Samtals án VSK	17.258 ISK
VSK upphæð	4.142 ISK
Samtals með VSK	21.400 ISK

At the bottom, the total price is shown as 'Eftirstöðvar 21.400 ISK'.

Ef varan er til en það á eftir að uppfæra birgðastöðuna þá er enn hægt að selja vöruna en þessi hér gluggi mun poppa upp sem minnir á að uppfæra birgðastöðuna.

## Lagerstaða í lágmarki



Getur verið að þú sért að selja vöru sem er ekki til á lager? Engar áhyggjur, þú getur haldið áfram með söluna, en lagerstaðan mun fara í mínus.

Ekki gleyma að uppfæra lagerstöðuna eftir á. Þú getur auðveldlega breytt lagerstöðunni fyrir hverja vöru í vörulistanum.

Hætta við

Halda áfram

---

Endilega hafðu samband við okkur í gegnum spjallbútbluna ef eitthverjar spurningar vakna og/ef þú ert með einhverjar ábendingar [?](#)

---